

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
103. fundur.

Miðvikudaginn 13. apríl 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2010, fyrri umræða.
Kristján Jónasson endurskoðandi sveitarfélagsins kynnir ársreikninginn.
Skoðunarmenn reikninga Húnavatnshrepps sitja fundinn undir þessum lið.
2. Stjórn fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiðar mætir til fundar.
3. Skýrsla sveitarstjóra.
4. Tilboð vegna skólaaksturs tekin fyrir.
5. Fundargerðir:
 - a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 11. apríl 2011.
 - b) Stjórnar Samb.ísl. sveitarfélaga, dags. 24. mars. 2011.
 - c) Stjórnar fjallskiladeildar Auðkúluheiðar 3. apríl 2011
 - d) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 6. apríl 2011.
 - e) Hluthafafundar Hveravallafélagsins ehf. dags. 5. apríl 2011.
6. Bréf.
 - a) Frá Sýslumanninum á Blönduósi. dags. 4. apríl 2011.
 - b) Frá Brunavörnum A-Hún. dag. 5. apríl 2011.
7. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.05

Samþykkt var að erindi frá foreldrafélagi Húnavallaskóla dags. 11. apríl 2011, ásamt bréfi til stjórnar foreldrafélagsins dags. 9. apríl 2011, yrði tekið fyrir undir dagskrárlið 6 c)

1. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2010, fyrri umræða.

Kristján Jónasson endurskoðandi sveitarfélagsins kynnti ársreikning Húnavatnshrepps 2010, ásamt sundurliðun ársreiknings. Ársreikning Auðkúluheiðar ehf og Fasteigna Húnavatnshrepps ehf. Skoðunarmenn ársreikninga, Ragnar Bjarnason og Jóhanna Magnúsdóttir sátu fundinn undir þessum lið. Skýrðu þau vinnu sína við endurskoðun ársreikningsins. Fram kom að rekstrartekjur á árinu í A- hluta sveitarsjóðs voru alls 312,0 millj kr. Rekstrargjöld voru alls 315,6 millj. kr. Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 2,2 millj. kr. Rekstarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs var neikvæð um 5,8 millj. kr. Talsverðar umræður urðu um ársreikningana. Samþykkt var að vísa reikningunum til síðari umræðu.

Kristján, Jóhanna og Ragnar yfirlögðu fundinn.

2. Stjórn fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiðar mætir til fundar.

Birgir Ingþórsson, Magnús Pétursson og Birgir Gestsson mættu til fundar undir þessum dagskrárlið. Til umræðu er erindi dags. 24.11.2010 frá landeigendum Gilár og Marðarnúps um girðingu sem aðskilur Sauðadal og Hálsalönd, þar sem farið er fram á að Húnavatnshreppur greiði 80% kostnaður í girðingunni og viðhaldi en landeigendur 20%, og þeir afsali sér landi sem liggur norðan fyrirhugaðrar girðingar og er í eigu Gilár. Fallist sveitarfélagið á erindið þá munu landeigendur Gilár, Marðarnúps,

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

103. fundur.

Guðrúnarstaða, Vagla, Kárdalstungu og Þórormstungu falla frá þeirri kröfu að sveitarfélagið smali Hálsalöndin eins og gert hefur verið til fjölda ára. Landeigendur Þórormstungu hafi óskað eftir að Þórormstungurétt verði fjarlægð og sparist því kostnaður við uppsetningu nýrrar réttar.

Oddviti og sveitarstjóri leggja til að erindinu verði hafnað og leitað annarra leiða til lausnar í málinu.

Fjallskilastjórn Grímstungu- og Haukagilsheiðar telur ódýrari leið fyrir sveitarfélagið að taka þátt í kostnaði, að 80% hluta, og viðhald við girðinguna en endurbyggingu fjárréttar við Þórormstungu. Fjallskilastjórn er sammála um að besta leiðin sé að ræða við landeigendur og semja um þessi mál.

Samþykkt var að skipa starfshóp til að vinna áfram að málinu. Starfshópin skipa: Sveitarstjóri, varaoddviti Jakob Sigurjónsson og fulltrúar fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiðar og Auðkúluheiðar.

Stjórn fjallskiladeildarinnar yfirgaf fundinn.

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Lagt fram bréf frá kennurum við Húnavallaskóla dags. 5. apríl 2011, þar sem óskað er eftir skýringu sveitarstjórnar á því að fulltrúi kennara var ekki boðaður á fund skólanefndar sem haldinn var þann 31. mars s.l.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra í samráði við formann fræðslunefndar, að svara bréfi kennara frá 05.04.2011 sbr. samþykkt hreppsnefndarfundar þann 29. mars sl.

Lögð fram bókun foreldrafélags Húnavallaskóla 11. apríl 2011. Þar sem stjórn foreldrafélagsins átelur vinnubrögð hreppsnefndar og fulltrúa þeirra í undirbúningi að samrekstri leik- og grunnskóla á Húnavöllum.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps óskar eftir því að stjórn Foreldrafélags Húnavallaskóla mæti á næsta hreppsnefndarfund sem fyrirhugaður er þann 27. apríl n.k. ásamt starfshópi um samrekstur skóla á Húnavöllum þar sem farið yrði yfir þær ávirðingar sem koma fram í bókun stjórnarinnar frá 11. apríl sl.

Hreppsnefnd samþykkti að taka fyrirleggjandi tilboði frá Mannvit/Heiðari Jónssyni byggingartækni- og hönnun á nýju og endurbættu upphitunarkerfi fyrir Húnaver. Áætlaður hönnunarkostnaður er 760 þúsund kr. án vsk.

Stefnt er að því að íbúafundur verði haldinn á Húnavöllum fimmtudaginn 28. apríl n.k.

4. Tilboð vegna skólaaksturs tekin fyrir.

Tilboð í skólaakstur fyrir Húnavallaskóla, skólaárin 2011/2012-2013/2014 voru opnuð 12 apríl kl. 14.00 á skrifstofu Húnavatnshrepps

Tilboð bárust frá eftirtöldum aðilum:

Sverrir Þór Sverrisson, kt: Auðkúlu 3. 541 Blönduós. Boðið er í akstursleið 3.
Langidalur/Svínavatn að austan. Kr. 4.631.040.00

Óskar Leifur Guðmundsson, kt: Eyvindarstöðum 541 Blönduós. Boðið er í akstursleið 2.
Blöndudalur-Svínadalur. Kr. 6.444.800.00

Þórhalli Haraldsson, kt: Húnaveri 541 Blönduós. Boðið er í akstursleið 1. Svartárdalur-Ártún
Kr. 2.176.000.00

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

103. fundur.

Bjarni B. Ingólfsson, kt: Bollastöðum 541 Blönduós. Boðið er í akstursleið 2. Blöndudalur-Svínadalur
Kr. 5.301.760.00

Egill Herbertsson, kt: Haukagili 541 Blönduós. Boðið er í allar akstursleiðir.
Kr. 27.186.560.00

Heiðar Kr ehf, kt: Holtabraut 14, 540 Blönduós. Boðið er í akstursleið 6. Blönduós-Ásar
Kr. 1.489.420.00

Hreppsnefnd fól þeim fulltrúum sem sátu í undirbúningsnefnd um útboð skólaaksturs að fara yfir tilboðin.

Samkvæmt útboðs- og samningsskilmálum þá hefur hreppsnefnd 15 daga frest til að vinna úr tilboðum og svara bjóðendum.

5. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 11. apríl 2011.

1. liður í fundargerðinni, umsókn um byggingarleyfi frá Árna Bragasyni til að einangra og klæða íbúðarhúsið í Sunnuhlíð, samþykkt samhljóða.

2. liður í fundargerðinni, umsókn frá Hauki Suska Garðarssyni um byggingarleyfi til endurbyggingar á fjár- og kálfahúsi og breytt notkun hússins í hesthús, samþykkt samhljóða.

3. liður í fundargerðinni, umsókn frá Brúsa ehf um byggingarleyfi til að fylla upp í mjaltargryfju og koma fyrir mjaltþjóni, samþykkt samhljóða.

b) Stjórnar Samb.ísl. sveitarfélaga, dags. 24. mars. 2011.

Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar fjallskiladeildar Auðkúluheiðar 3. apríl 2011

Lögð fram til kynningar.

d) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 6. apríl 2011.

Fundurinn hafnar alfarið þeirri ákvörðun hreppsnefndar frá 28.12.2010, að setja landleigu vegna fjárrétta á búfjáreigendur.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti að falla frá fyrri ákvörðun um að setja landleigu vegna fjárrétta á fjallskiladeildirnar og gera ráð fyrir landleigu vegna fjárrétta í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

e) Hluthafafundar Hveravallafélagsins ehf. dags. 5. apríl 2011.

Ásamt bréfi stjórnar Hveravallafélagsins ehf, þar sem fram kemur að Björn Þór Kristjánsson hefur afsalað sér rétti til kaupa á viðbótarhlut í félaginu að upphæð 600 þúsund kr. Hreppsnefnd samþykkti að Húnavatnshreppur nýti sér forkaupsrétt að þessum hlutum í Hveravallafélaginu ehf.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Bréf.

a) Frá Sýslumanninum á Blönduósi. dags. 4. apríl 2011.

Efni: Umsókn um leyfi til að reka gistiheimum í flokki II yfir gististaði og endurnýjun á leyfi til að reka samkomusal í flokki I yfir veitingastaði í Dalsmynni.

Hreppsnefnd fellst á útgáfu leyfis fyrir sitt leyti.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

103. fundur.

b) Frá Brunavörnum A-Hún. dags. 5. apríl 2011.

Efni: Fyrirspurn frá slökkviliðsstjóra um hvort gjaldskrár fyrir Brunavarnir A-Hún hafi verið teknar fyrir og samþykktar hjá sveitarstjórn.

Hreppsnefnd hefur ekki staðfest gjaldskrárnar. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

c) Frá foreldrafélagi Húnavallaskóla dags. 11. apríl 2011. Ásamt bréfi foreldra úr Svartárdal dags. 9. apríl 2011, stílað á foreldrafélagið.

Efni: Foreldrafélgi Húnavallaskóla hefur borist bréf frá foreldrum barna í Svartárdal þar sem mótmælt er fyrirhuguðum breytingum á skólaakstri úr Svartárdal. Stjórn foreldrafélagsins bendir hreppsnefnd á að hún telji að skylt sé að hafa fullt samráð við foreldra ef stórar breytingar eiga sér stað í skólaakstri eða skólastarfi almennt. Óskað er eftir að fundin verði viðunandi lausn sem foreldrar barnana eru sátt við.

Vegna erindis foreldrafélagsins er rétt að geta þess að í 3.gr. reglna um skólaakstur nr. 656 frá 3. júní 2009, kemur fram að sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn skólanefndar reglur um fyrirkomulag skólaaksturs. Skólanefnd skal fyrir upphaf hvers skólaárs birta endurskoðaða áætlun um skólakstur. Áætlunina skal kynna skólaráði og skal hún vera íbúum sveitarfélagsins aðgengileg.

Eftirfandi bókun var samþykkt með 5. atkvæðum, einn var á móti (BM) og einn sat hjá (JEP) Hreppsnefnd Húnavatnshrepps telur ásættanlegt að vera með innáakstur úr Svartárdal með tilliti til fjölda barna og hagræðingar varðandi rekstur skólans og sveitarfélagsins í heild sinni. Formaður foreldrafélags Húnavallaskóla á sæti í fræðslunefnd Húnavatnshrepps og tveir fulltrúar stjórnar foreldrafélags Húnavallaskóla sitja í skólaráði Húnavallaskóla. Kynning á fyrirhuguðu skipulagi vegna skólaaksturs 2011-2012 fór fram í mars á fundum fræðslunefndar og skólaráðs.

7. Önnur mál.

Oddviti kynnti fund sem hann sótti á hótél Staðarflöt í Hrótafirði þann 12. apríl s.l. þar mættu fulltrúar Innanríkis, Iðnaðar og forsætisráðuneytis ásamt framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, stjórn SSNV, Þorleifur Gunnlaugsson formaður nýskipaðs starfshóps innanríkisráðherra um eflingu sveitarstjórnarstígsins og fulltrúar í starfshópi um eflingu sveitarstjórnarstígsins á Norðurl-vestra. Kynnt var vinna við landshlutaáætlanir sem er hluti af verkefninu Ísland 20/20.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17.55

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen